

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1984—2004.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 27. júlí 1988 staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Reykjavíkur 1984—2004, þó að því er varðar skipulag í Fossvogsdal að mörkum lögsagnarumdæma Reykjavíkur og Kópavogs eins og þau eru ákveðin í 1. grein laga nr. 38, 27. maí 1975 samanber og bréf ráðuneytisins til borgarstjórnar Reykjavíkur dags. 28. júlí 1988.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af borgarstjórn Reykjavíkur og skipulagsstjórn ríkisins mælt með að hann verði staðfestur.

Félagsmálaráðuneytið, 28. júlí 1988.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ

um breytingu á fjallskilareglugerð fyrir Borgarfjarðarsýslu og Akraneskaupstað nr. 374 21. júlí 1986.

1. gr.

2. mgr. 39. gr. orðist svo:

„Þessi mörk er leyfilegt að nota: Alheilt, andfjarðrað, biti, blaðrifað, blaðstýft, boðbildur, bragð, fjöður, gagnbitað, gagnfjaðrað, gagnhangfjaðrað, gagnstigað, hamrað, hangfjöður, hálf taf, heilhamrað, heilrifað, hófbiti, hvatt, lögg, miðhlutað, miðhlutað í stúf, oddfjaðrað, sneiðrifað, sneitt, stig, stúfrifað, stýft, stýfthálftaf, sýlt, tvíbitað, tvífjaðrað, tvíhangfjaðrað, tvírifað í heilt, tvírifað í sneitt, tvírifað í stúf, tvístigað og tvístýft.“

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Borgarfjarðarsýslu hefur samið, staðfestist hér með samkvæmt 3. gr. laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 6 21. mars 1986, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 29. júlí 1988.

Jón Helgason.

Jón Höskuldsson.